

Fundargerð 5.fundar SSA haldinn 7.nóvember 2022 á Teams.

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Axel Örn Sveinbjörnsson, Berglind Harpa Svavarsdóttir, Puríður Lillý Sigurðardóttir og Helgi Hlynur Ágrímsson. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Ragnar Sigurðsson boðaði forföll vegna veikinda.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Formaður stjórnar bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

1. Fundargerð SSA nr. 4

- Fundargerðin var samþykkt af stjórn og verður undirrituð rafrænt

2. Umsagnarbeiðni og þingmálaskrá

- Fundur með fjárlaganefnd 19. október.
Framkvæmdastjóri, formaður og varaformaður fóru yfir fund umræður á fundi með fjárlaganefnd. Til grundvallar lá umsögn SSA um fjárlögin og var ýmsum spurningum fjárlaganefndar svarað.
- [Þingmálaskrá](#) 153. löggjafarþings 2022-2023.
Lagt fram til upplýsinga
- Umsagnarbeiðni til kynningar:
Efnahags- og viðskiptanefnd, [tillögu til þingsályktunar um úttekt á tryggingavernd í kjölfar náttúruhamfara](#), 231. mál.
Lagt fram til upplýsinga en Austurbrú hefur í gegnum Seyðisfjarðarverkefnið sent inn umsögn um málið.

3. Innri verkefni SSA – staða mála

- Sóknaráætlun Austurlands – staðfesting á fjármagni til úthlutunar Uppbyggingarsjóðs 2023.
Framkvæmdastjóri sagði frá því að umsóknarrestur í Uppbyggingarsjóð hefði runnið út í október. Skerðing verður á Sóknaráætlunarframlagi til SSA árið 2023 miðað við núverandi tillögu að fjárlögum sem kemur niður á þeim verkefnum. Umræður stjórnar um ráðstöfun fjármagns úr Sóknaráætlun og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram á þeim nótum sem rætt var um.
- Svæðisskipulag Austurlands .
Framkvæmdastjóri sagði mikla eftirspurn vera eftir kynningu frá framkvæmdastjóra á Svæðisskipulaginu. Umræður stjórnar um mikilvægi þess að svigrún og tími sé til þessa að deila þessari reynslu og miðla upplýsingum. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram á þeim grunni sem um var rætt.
- Fjallskilasamþykkt.
Framkvæmdastjóri sagði frá því að verið væri að klára samþykktaraferlið. Sagði hún mikilvægt að það væri faghópur þarna í kring og áframhaldandi samtal í gangi .
- Svæðisáætlun fyrir meðhöndlun úrgangs.
Framkvæmdastjóri sagði frá fundi með starfshópi. Þar kom fram að nauðsynlegt væri að fá samtal inn í nefndir sveitarfélaganna. Stefnt er að því að verkefnastjóri fari á fundi nefnda sveitarfélaganna sem fara með þessi málefni í nóvember til að fara yfir stöðu mála, gögn og áherslur.

4. Mál í samráðsgátt stjórnvalda

- Málalisti í [samráðsgátt](#)

5. Fundargerðir og erindi lögð fram til kynningar

- SSV, fundur nr. [170](#)
- SSNV, fundur nr. [85](#)
- SSNE, fundur nr. [42](#)
- SASS, fundur nr. [587](#)
- SSS, fundur nr. [782](#)
- Sambandið (fundur nr. 914 í möppu)
- Bygðamálaráð, fundur nr. [20](#), [21](#)

6. Önnur mál sem tengjast starfsemi SSA

Framkvæmdastjóri sagði frá landssamráðsfundi um ofbeldi sem verður sendur út í fjar miðvikudaginn 9.nóvember.

Engin önnur mál. Fundi slitið kl 16:15